

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 75/2006**

**frá 2. júní 2006**

**um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2000 frá 2. október 2000 <sup>(1)</sup>.
- 2) Með ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95 var tekið upp kerfi samhliða markaðsfærslu að því er varðar Liechtenstein.
- 3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. EB L 271, 21.10.1999, bls. 47.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1607/2000 frá 24. júlí 2000 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins, einkum bálkinn er varðar gæðavín sem eru framleidd í tilgreindum héruðum <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1622/2000 frá 24. júlí 2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluáðferðir og vinnslu <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2451/2000 frá 7. nóvember 2000 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluáðferðir og vinnslu, að því er varðar XIV. viðauka <sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 7) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2001 frá 24. apríl 2001 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar beitingarreglur varðandi fylgiskjöl vegna flutnings á vínafurðum og skrár sem þarf að halda innan víngeirans <sup>(6)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 8) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1609/2001 frá 6. ágúst 2001 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 315, 14.12.2000, bls. 32, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 59, 14.12.2000, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 185, 25.7.2000, bls. 17.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 194, 31.7.2000, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 282, 8.11.2000, bls. 7.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 128, 10.5.2001, bls. 32.

vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu, hvað varðar greiningaraðferðir <sup>(7)</sup> skal felld inn í samninginn.

- 9) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1655/2001 frá 14. ágúst 2001 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu <sup>(8)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 10) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2066/2001 frá 22. október 2001 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 að því er varðar notkun lýsósíms í vínafurðir <sup>(9)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 11) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 753/2002 frá 29. apríl 2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, kynningu og vernd tiltekinnna vínafurða <sup>(10)</sup> skal felld inn í samninginn með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 272, 23.10.2003, bls. 38.
- 12) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2086/2002 frá 25. nóvember 2002 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 753/2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, kynningu og vernd tiltekinnna vínafurða <sup>(11)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 13) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 440/2003 frá 10. mars 2003 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2676/90 um að ákveða aðferðir Bandalagsins við víngreiningu <sup>(12)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 14) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2003 frá 4. júlí 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 753/2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, kynningu og vernd tiltekinnna vínafurða <sup>(13)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 15) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1410/2003 frá 7. ágúst 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu <sup>(14)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 16) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1793/2003 frá 13. október um að fastsetja lágmarksstyrk náttúrulegs alkóhóls, miðað við rúmmál, í „Vinho verde“-gæðavínum frá vínræktarsvæðinu C I a) í Portúgal fyrir vínárin 2003/2004 og 2004/2005 <sup>(15)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 17) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1795/2003 frá 13. október 2003 um breytingu á VI. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar gæðavín sem eru framleidd í tilgreindum héruðum <sup>(16)</sup> skal felld inn í samninginn.

---

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 212, 7.8.2001, bls. 9.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 220, 15.8.2001, bls. 17.

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB L 278, 23.10.2001, bls. 9.

<sup>(10)</sup> Stjtið. EB L 118, 4.5.2002, bls. 1.

<sup>(11)</sup> Stjtið. EB L 321, 26.11.2002, bls. 8.

<sup>(12)</sup> Stjtið. ESB L 66, 11.3.2003, bls. 15.

<sup>(13)</sup> Stjtið. ESB L 168, 5.7.2003, bls. 13.

<sup>(14)</sup> Stjtið. ESB L 201, 8.8.2003, bls. 9.

<sup>(15)</sup> Stjtið. ESB L 262, 14.10.2003, bls. 10.

<sup>(16)</sup> Stjtið. ESB L 262, 14.10.2003, bls. 13.

- 18) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 128/2004 frá 23. janúar 2004 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2676/90 um að ákveða aðferðir Bandalagsins við víngræiningu <sup>(17)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 19) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 316/2004 frá 20. febrúar 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 753/2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, kynningu og vernd tiltekinna vínafurða <sup>(18)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 20) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 908/2004 frá 29. apríl 2004 um aðlögun nokkurra reglugerða um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins vegna aðildar Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverja lands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu að Evrópusambandinu <sup>(19)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 21) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1427/2004 frá 9. ágúst 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu <sup>(20)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 22) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1428/2004 frá 9. ágúst 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu <sup>(21)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 23) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1429/2004 frá 9. ágúst 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 753/2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, kynningu og vernd tiltekinna vínafurða <sup>(22)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 24) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1991/2004 frá 19. nóvember 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 753/2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, kynningu og vernd tiltekinna vínafurða <sup>(23)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 25) Reglugerð (EBE) nr. 2676/90 <sup>(24)</sup>, sem hefur þegar verið felld inn í samninginn, þarf að flytjast í sérstakan lið í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Bókun 47 við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

*2. gr.*

---

<sup>(17)</sup> Stjtið. ESB L 19, 27.1.2004, bls. 3.

<sup>(18)</sup> Stjtið. ESB L 55, 24.2.2004, bls. 16.

<sup>(19)</sup> Stjtið. ESB L 163, 30.4.2004, bls. 56.

<sup>(20)</sup> Stjtið. ESB L 263, 10.8.2004, bls. 3.

<sup>(21)</sup> Stjtið. ESB L 263, 10.8.2004, bls. 7.

<sup>(22)</sup> Stjtið. ESB L 263, 10.8.2004, bls. 11.

<sup>(23)</sup> Stjtið. ESB L 344, 20.11.2004, bls. 9.

<sup>(24)</sup> Stjtið. EB L 272, 3.10.1990, bls. 1.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1493/1999, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. EB L 271, 21.10.1999, bls. 47, 1607/2000, 1622/2000, 2451/2000, 884/2001, 1609/2001, 1655/2001, 2066/2001, 753/2002, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 272, 23.10.2003, bls. 38, 2086/2002, 440/2003, 1205/2003, 1410/2003, 1793/2003, 1795/2003, 128/2004, 316/2004, 908/2004, 1427/2004, 1428/2004, 1429/2004 og 1991/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. júní 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júní 2006.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*R. Wright*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2006

Í stað 1. viðbættis við bókun 47 við samninginn komi eftirfarandi:

### „1. VIÐBÆTIR

1. **390 R 2676**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2676/90 frá 17. september 1990 um að ákveða aðferðir bandalagsins við vöngreiningu (Stjtið. EB L 272, 3.10.1990, bls. 1), eins og henni var breytt með:
  - **392 R 2645**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2645/92 frá 11. september 1992 (Stjtið. EB L 266, 12.9.1992, bls. 10),
  - **395 R 0060**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 60/95 frá 16. janúar 1995 (Stjtið. EB L 11, 17.1.1995, bls. 19),
  - **396 R 0069**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/96 frá 18. janúar 1996 (Stjtið. EB L 14, 19.1.1996, bls. 13),
  - **397 R 0822**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 822/97 frá 6. maí 1997 (Stjtið. EB L 117, 7.5.1997, bls. 10),
  - **399 R 0761**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 761/1999 frá 12. apríl 1999 (Stjtið. EB L 99, 14.4.1999, bls. 4),
  - **32003 R 440**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 440/2003 frá 10. mars 2003 (Stjtið. ESB L 66, 11.3.2003, bls. 15),
  - **32004 R 0128**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 128/2004 frá 23. janúar 2004 (Stjtið. ESB L 19, 27.1.2004, bls. 3).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Vísanir í aðrar gerðir í reglugerðinni teljast gildar að svo miklu leyti og í þeirri mynd sem slíkar gerðir hafa verið felldar inn í samninginn.

2. **399 R 1493**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins (Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. EB L 271, 21.10.1999, bls. 47, eins og henni var breytt með:
  - **1 03 T**: Lög um aðildarskilmála Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverja lands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu og aðlögun sáttmálanna sem mynda grundvöll Evrópusambandsins, samþykkt 16. apríl 2003 (Stjtið. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),
  - **32003 R 1795**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1795/2003 frá 13. október 2003 (Stjtið. ESB L 262, 14.10.2003, bls. 13).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Vísanir í aðrar gerðir í reglugerðinni teljast gildar að svo miklu leyti og í þeirri mynd sem slíkar gerðir hafa verið felldar inn í samninginn.
- b) Ákvæði 1. mgr. 1. gr. gilda ekki.

- c) Ákvæði II., III., IV. og VII. bálks gilda ekki, þó gilda ákvæði 19. gr. II. bálks.
- d) Ákvæði síðasta málsliðar 2. mgr. 19. gr. gilda ekki að því er varðar Liechtenstein.  
Ennfremur gilda ákvæði síðasta málsliðar liðar B 1 í VI. viðauka ekki að því er varðar Liechtenstein.
- e) Orðin „og löglega innflutt vín þar sem við á, þrátt fyrir ákvæði 45. gr.“ í 1. mgr. 44. gr. gilda ekki.
- f) Í stað orðanna „blöndun víns sem er upprunnið í þriðja landi“ í 14. mgr. 44. gr. komi orðin „blöndun víns sem er upprunnið landi utan EES eða EFTA-ríki“.
- g) Orðin „hvort sem það er innflutt eða ekki“ í málsg. 1a í 45. gr. gilda ekki.
- h) Ákvæði II. kafla V. bálks gilda með eftirfarandi aðlögun:

Þrátt fyrir ákvæði landsréttar í Liechtenstein verður borðvín, sem er upprunnið í Liechtenstein en þarf ekki að bera landfræðilega merkingu, að fullnægja ákvæðum II. kafla V. bálks um lýsingu, merkingu, kynningu og verndun tiltekinna vara, ef vínið er ætlað EES-markaði utan Liechtensteins.

- i) Ákvæði VI. bálks gilda með eftirfarandi aðlögun:

Gæðavín, sem er upprunnið í EFTA-ríkjunum, telst jafngilt gæðavíni, sem er framleitt í tilgreindum héruðum („gæðavín fth“), að því tilskildu að það fullnægi ákvæðum landsréttar, en slík ákvæði skulu, að því er bókun þessa varðar, samræmast meginþónarmíðum sem fram koma í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999, með áorðnum breytingum vegna þessa samnings.

Þó er óheimilt að nota lýsinguna „gæðavín fth“ og aðrar lýsingar, sem um getur í 2. mgr. 54. gr., um þetta vín.

Birta skal í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* skrá um gæðavín samkvæmt upplýsingum þeirra EFTA-ríkja sem framleiða vín.

- j) Með tilvísun til 4. mgr. 54. gr. telst vín, sem er upprunnið í Liechtenstein, gæðavín ef það fullnægir öllum kröfum um svonefnt „vín í 1. flokki“ samkvæmt ákvæðum landsréttar.

Gæðavín, sem er upprunnið í Liechtenstein, má bera eina af eftirtöldum landfræðilegum merkingum, ásamt nafni vínekrunnar eða án þess, sem vísa til uppruna þrúgnanna eins og hann er skráður í hinni opinberu skrá Liechtensteins um „vínrækt og AOC“:

Balzers, Bendern, Eschen, Eschnerberg, Gamprin, Mauren, Ruggell, Schaan, Schellenberg, Triesen, Vaduz.

Auk landfræðilegu merkingarinnar ber merkimiðinn eina af eftirtöldum merkingum: „Kontrollierte Ursprungsbezeichnung“, „KUB“, „Appellation d'origine contrôlée“ eða „AOC“.

- k) Ákvæði 71., 77., 78. og 79. gr. gilda ekki.
- l) Að því er varðar III. viðauka telst Liechtenstein tilheyra vínræktarsvæði B.
- m) Vín, sem er upprunnið í Liechtenstein og framleitt í samræmi við ákvæði landsréttar og flokkað samkvæmt því sem „vín í 1. flokki án viðbótargæðamerkingar“ skal teljast gæðavín þrátt fyrir ákvæði liðar D.1 í VI. viðauka.

3. **32000 R 1607**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1607/2000 frá 24. júlí 2000 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999

um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins, einkum bálkinn er varðar gæðavin sem eru framleidd í tilgreindum héruðum (Stjtíð. EB L 185, 25.7.2000, bls. 17).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Vísanir í aðrar gerðir í reglugerðinni teljast gildar að svo miklu leyti og í þeirri mynd sem slíkar gerðir hafa verið felldar inn í samninginn.

4. **3200 R 1622:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1622/2000 frá 24. júlí 2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfraðilegar vinnsluáðferðir og vinnslu (Stjtíð. EB L 194, 31.7.2000, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **32000 R 2451:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2451/2000 frá 7. nóvember 2000 (Stjtíð. EB L 282, 8.11.2000, bls. 7),
- **3001 R 1609:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1609/2001 frá 6. ágúst 2001 (Stjtíð. EB L 212, 7.8.2001, bls. 9),
- **32001 R 1655:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1655/2001 frá 14. ágúst 2001 (Stjtíð. EB L 220, 15.8.2001, bls. 17),
- **32001 R 2066:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2066/2001 frá 22. október 2001 (Stjtíð. EB L 278, 23.10.2001, bls. 9),
- **32003 R 1410:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1410/2003 frá 7. ágúst 2003 (Stjtíð. ESB L 201, 8.8.2003, bls. 9),
- **1 03 T:** Lög um aðildarskilmála Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjaland, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu og aðlögun sáttmálanna sem mynda grundvöll Evrópusambandsins, samþykkt 16. apríl 2003 (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),
- **32004 R 1427:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1427/2004 frá 9. ágúst 2004 (Stjtíð. ESB L 263, 10.8.2004, bls. 3),
- **32004 R 1428:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1428/2004 frá 9. ágúst 2004 (Stjtíð. ESB L 263, 10.8.2004, bls. 7).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Vísanir í aðrar gerðir í reglugerðinni teljast gildar að svo miklu leyti og í þeirri mynd sem slíkar gerðir hafa verið felldar inn í samninginn.

5. **32001 R 0884:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2001 frá 24. apríl 2001 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar beitingarreglur varðandi fylgiskjöl vegna flutnings á vínafurðum og skrár sem þarf að halda innan víngeirans (Stjtíð. EB L 128, 10.5.2001, bls. 32), eins og henni var breytt með:

- **32004 R 0908:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 908/2004 frá 29. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 163, 30.4.2004, bls. 56).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Vísanir í aðrar gerðir í reglugerðinni teljast gildar að svo miklu leyti og í þeirri mynd sem slíkar gerðir hafa verið felldar inn í samninginn.
- b) Ákvæði fyrsta og annars undirliðar b-liðar 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 1. gr. gilda ekki.

- c) Ákvæði 2. mgr. 5. gr. gilda ekki.
- d) Í stað annars málsliðar þriðju undirgreinar 5. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi: „Slíkum upplýsingum skal komið á framfæri í samræmi við ákvæði viðbættis 2 við bókun 47 við samninginn“.
- e) Ákvæði 5. og 6. mgr. 7. gr. gilda ekki.
- f) Í stað orðanna „á afritum 1 og 2“ í fyrsta undirlið c-liðar 1. mgr. 7. gr. komi orðin „á afritum 1, 2 og 4“.
- g) Ákvæði 2., 3. og 5. mgr. 8. gr. gilda ekki.
- h) Ákvæði II. bóls gilda ekki.
- i) Ákvæði 2. mgr. 19. gr. gilda ekki.

6. **32002 R 0753**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 753/2002 frá 29. apríl 2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, kynningu og vernd tiltekinna vínafurða (Stjtið. EB L 118, 4.5.2002, bls. 1), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 272, 23.10.2003, bls. 38, eins og henni var breytt með:

- **32002 R 2086**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2086/2002 frá 25. nóvember 2002 (Stjtið. EB L 321, 26.11.2002, bls. 8),
- **32003 R 1205**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2003 frá 4. júlí 2003 (Stjtið. ESB L 168, 5.7.2003, bls. 13),
- **3004 R 0316**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 316/2004 frá 20. febrúar 2004 (Stjtið. ESB L 55, 24.2.2004, bls. 16),
- **3004 R 0908**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 908/2004 frá 29. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 163, 30.4.2004, bls. 56),
- **3004 R 1429**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1429/2004 frá 9. ágúst 2004 (Stjtið. ESB L 263, 10.8.2004, bls. 11),
- **3004 R 1991**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1991/2004 frá 19. nóvember 2004 (Stjtið. ESB L 344, 20.11.2004, bls. 9).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Vísanir í aðrar gerðir í reglugerðinni teljast gildar að svo miklu leyti og í þeirri mynd sem slíkar gerðir hafa verið felldar inn í samninginn.
- b) Að því er varðar Liechtenstein skal fyrsti málsliður 2. mgr. 3. gr. hljóða svo: „Eiginlegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál, sem um getur í þriðja undirlið liðar A 1) í VII. viðauka og liðar B 1) d) í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, skal tilgreindur í heilum eða hálfum hundraðshlutum eða tíunda hluta úr hundraðshluta.“.
- c) Ákvæði c-liðar 7. gr. gilda ekki.
- d) Tilvísanir til 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 884/2001 í 10. gr. gilda ekki.
- e) Ákvæði reglugerðarinnar skulu ekki gilda um vörur í II. bólski sem eru upprunnar í löndum utan EES.
- f) Í 16. gr. bætist eftirfarandi við:
  - i) Í a-lið 1. mgr. 16. gr.: „þurrt“ og „tørr“

- ii) Í b-lið 1. mgr. 16. gr.: „hálfpurtt“ og „halvtørr“
  - iii) Í c-lið 1. mgr. 16. gr.: „hálfsett“ og „halvsöt“
  - iv) Í d-lið 1. mgr. 16. gr.: „sætt“ og „söt“
- g) Ákvæði 19. gr. gilda ekki um vörur sem eru upprunnar í löndum utan EES.
- h) Í stað fyrsta undirliðar fyrstu málsgreinar 28. gr. komi eftirfarandi: „„Landwein“ þegar um ræðir borðvín sem er upprunnið í Þýskalandi, Austurríki, Liechtenstein eða héraðinu Bolzano á Ítalíu.“.
- i) Í samræmi við ákvæði a-liðar 28. gr. skal merkja vín, sem bera heitið „Landwein“, með landfræðilegu merkingunni „Liechtensteiner Oberland“ eða „Liechtensteiner Unterland“ þegar Liechtenstein á í hlut.
- j) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 29. gr.:
- „q) Liechtenstein: merkingin „Appellation d'origine contrôlée“, „AOC“, „Kontrollierte Ursprungsbezeichnung“ eða „KUB“ auk upprunamerkingarinnar, og þegar um ræðir gæðavín með viðbótargæðamerkingum „Auslese Liechtenstein“, „Sélection Liechtenstein“ eða „Grand Cru Liechtenstein“ í samræmi við ákvæði landsréttar.“.
- k) Ákvæði V. bálks gilda ekki.
- l) Eftirfarandi bætist við í II. viðauka:

Heiti á yrki eða samheiti þess	Lönd sem mega nota þetta heiti eða eitt af samheitum þess
Blauburgunder	Liechtenstein
Chardonnay	Liechtenstein
Müller-Thurgau	Liechtenstein
Weissburgunder	Liechtenstein

“.

- m) Eftirfarandi bætist við í III. viðauka:

Hefðbundin heiti	Víntegundir	Vöruflokkur/vöruflokkar	Tungumál
<b>LIECHTENSTEIN</b>			
<b>Önnur hefðbundin heiti</b>			
Abläss	Allar	Gæðavín fth, borðvín með landfræðilegum merkingum	Þýska
Beerenauslese	Allar	Gæðavín fth	Þýska
Beerle eða Beerli eða Beerliwein	Allar	Gæðavín fth, borðvín með landfræðilegum merkingum	Þýska
Federweiss (*) eða Weissherbst	Allar	Gæðavín fth, borðvín með landfræðilegum merkingum	Þýska
Eiswein	Allar	Gæðavín fth	Þýska

Kretzer eða Süsdruck	Allar	Gæðavín fth, borðvín með landfræðilegum merkingum	Þýska
Strohwein	Allar	Gæðavín fth	Þýska
Trockenbeerenauslese	Allar	Gæðavín fth	Þýska

(\*) Með fyrirvara um notkun hinnar hefðbundnu þýsku merkingar „Federweißer“ á hlutgerjuðu þrúgumusti sem er ætlað til beinnar neyslu í samræmi við ákvæði málsgreinar 34c í þýsku vínreglugerðinni og b-liðar 1. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 14. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 753/2002, með áorðnum breytingum.“.

7. **32003 R 1793**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1793/2003 frá 13. október um að fastsetja lágmarksstyrk náttúrulegs alkóhóls, miðað við rúmmál, í „Vinho verde“-gæðavínum frá vínræktarsvæðinu C I a) í Portúgal fyrir vínárin 2003/2004 og 2004/2005 (Stjtíð. ESB L 262, 14.10.2003, bls. 10).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Vísanir í aðrar gerðir í reglugerðinni teljast gildar að svo miklu leyti og í þeirri mynd sem slíkar gerðir hafa verið felldar inn í samninginn.